

48. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 31. janúar 2008 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Starfsmannamál. Ráðning skjalavarðar og nýting á stöðugildum. 2. Starfsdagur Menningardeildar og Lista- og menningarráðs 18. janúar 2008. 3. Yfirlit um starfsemina 2007. 4. Ríkisframlag frá Þjóðskjalasafni fyrir árið 2007. 5. Ársrit stofnunarinnar. 6. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn og Gunnar Marel Hinriksson skjalavörður framan af fundi. Linda Udengård, deildarstjóri menningarmála Kópavogsbæjar, sat fundinn.

1. **Starfsmannamál.** Ráða þarf skjalavörð við safnið því að Gunnar Marel hættir frá þessum degi. Nú er 1.25 stöðugildi til ráðstöfunar því að Kristín ljósmyndari hefur verið í 25% starfshlutfalli og stendur það fram í september. Rætt hefur verið óformlega um að breyta ráðningu hennar í 30% starfshlutfall ótímabundið og hefur hún fallist á það. Með því er hægt að ráða skjalavörð ótímabundið í fullt starf og er héraðsskjalaverði falið að gangast fyrir því. Áður en ráðið verður í starf skjalavarðar þarf að ljúka við að gera starfslýsingar við safnið.
2. **Starfsdagur Menningardeildar og Lista- og menningarráðs 18. janúar 2008.** Starfsdagurinn var haldinn í fyrsta skipti 18. jan. sl. og gerði héraðsskjalavörður stjórn grein fyrir dagskrá og framkvæmd dagsins. M.a. kom fram að Linda Udengård hélt erindi um starfsemi stofnana sem stóðu að þessum starfsdegi og gat Héraðsskjalasafnsins að sjálfsögðu. Stjórn lýsir vilja sínum til þess að Héraðsskjalasafns verði framvegis getið með öðrum menningarstofnunum bæjarins.
3. **Yfirlit um starfsemina 2007.** Hrafn dreifir aðfangaskrá yfir árið 2007 en á henni eru 35 númer. Stærsta safnið er nr. 31, gögn Sigurbjarts Jóhannessonar byggingarfræðings (10 hillumetrar). Unnið hefur verið að skráningu þessara gagna.
4. **Ríkisframlag frá Þjóðskjalasafni fyrir árið 2007** Héraðsskjalavörður lagði fram „Minnisblað um fjárframlag Þjóðskjalasafns Íslands til Héraðsskjalasafns Kópavogs fyrir árin 2006 og 2007 og ráðstöfun þess.“ Þar kemur fram að framlag fyrir 2006 var kr. 800 þús og framlag 2007 var kr. 700 þúsund, greitt með ávísun 21. des. 2007. Á minnisblaðinu kemur fram hvað hefur verið notað af þessu fé og munar þar mest um kaup á öryggisskáp og öðrum búnaði til safnsins. Eftirstöðvar framlags frá 2006 og framlag ársins nema kr. 1.257.418.
5. **Ársrit stofnunarinnar.** Árin 2006 og 2007 verða gefin út saman á næsta ári. Linda spyr hvort hægt væri að koma ritinu út í maí, fyrir Kópavogsdaga. Stjórn finnst ástæða til að reyna að koma ritinu út við það tækifæri.
6. **Önnur mál.** a) Geymsluhúsnæði fyrir safnið. Formaður spyr Lindu hvort einhver sameiginleg geymsla fyrir stofnanir Kópavogs sé í sjónmáli en hún segir ekkert fast í hendi með slíkt enn þá. Kópavogsbær eigi enga geymslu sem standi okkur

til boða; þess háttar húsnæði er þá tekið á leigu. Bent er á að hér í safninu eru geymdar birgðir af skjalaöskjum sem ýmsar stofnanir bæjarins nýta og gott væri að losna við þær í geymslur. b) Héraðsskjalavörður segir frá því að Gunnar Marel Hinriksson hafi unnið að því að brjóta ársritið um. Hrafn óskar eftir að fá að ráða mann í tímavinnu til þess að aðstoða sig við þetta til þess að koma ritinu út. Stjórn tekur þessari beiðni vel. c) Hrafn nefnir að gott væri að fá léttan en eldtraustan skáp hér inn á safnið. Héraðsskjalaverði er falið að leysa það mál innan marka fjárhagsáætlunar. .

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.30  
Fundarritari Bjarni Ólafsson